

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

*Sent í tölvupósti*  
Reykjavík, 28. apríl 2021

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 712. mál**

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um ofangreint mál. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir frumvarpsdrögin eins og þau liggja fyrir og gera eftirfarandi athugasemdir.

### **I. Almenn**

Með frumvarpinu er lagt til að sameinuð verði lög um mat á umhverfisáhrifum og lög um umhverfismat áætlana í heildarlöggjöf. Markmiðið er m.a. að ferlið endurspegli betur kröfur tilskipana ESB um umhverfismat framkvæmda og áætlana, löggin verði aðgengilegri, málsmeðferð einfölduð og aðkoma almennings og hagsmunaaðila tryggð, til að mynda með notkun rafrænnar gáttar. Með skyldubundinni notkun rafrænnar gáttar fyrir umhverfismat, skipulagsmál og leyfisveitingar má ná fram einföldun ferla og minnka þörf á endurtekningum sem eru umtalsverðar og tímafrekar í gildandi fyrirkomulagi. Markmiðið með rafrænni gátt er jafnframt að efla aðkomu almennings og umsagnaraðila og bæta upplýsingagjöf sem verður að teljast jákvætt skref sem muni sjálfsagt hafa í för með sér skilvirkari vinnu og tímasparnað hjá bæði stofnunum og framkvæmdaraðilum og skila sér í hraðari afgreiðsluferlum og minni bið eftir afgreiðslu mála. Gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að gáttin verði tilbúin til notkunar 1. desember 2022. Fram að þeim tíma gilda ákvæði núgildandi laga um kynningu og samráð. Bændasamtökin undirstrika mikilvægi þess að gáttin verði sett í ítarlegt kynningarferli þegar hún verður tekin í gagnið. En þrátt fyrir tilkomu rafrænnar gáttar er mikilvægt er að framkvæmdir verði áfram sérstaklega kynntar þeim sem hagsmuna hafa að gæta af mögulegum framkvæmdum, svo sem eigendum og ábúendum nágrannajarða og öðrum hagaðilum.

### **II. Stefna ríkisins í landbúnaðar- og fæðuöryggismálum**

Stýrihópur á vegum forsætisráðuneytis um heildstæða löggjöf og stjórnýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir hefur hafið störf en þegar hafa verið lagðar verið fram breytingar á jarðalögum en þar er lögð áhersla á vernd landbúnaðarlands, sbr. einnig gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands. Verkefnisstjórn vinnur nú að mótun landbúnaðarstefnu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og hyggja stjórnvöld á gerð stefnu um hvernig tryggja megi fæðuöryggi þjóðarinnar í kjölfar skýrslu um *Fæðuöryggi á Íslandi* sem unnin var af Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ). Skv. framangreindu er lögð aukin áhersla á fæðuöryggi, vernd landbúnaðar- og ræktarlands

Í stefnumörkun hins opinbera og jafnframt að sveitarfélög fái aukið sjálfstæði við ákvarðanatöku um landnýtingu á sínu svæði án aðkomu eða staðfestingar ráðherra. Eðlilegt er að sveitarfélögin ákveði hvers konar landbúnaður er stundaður innan þeirra marka og þ.m.t. meti áhrif breytinga á þeim svæðum.

### III. Framkvæmdaflokkar

Með frumvarpinu er lögð til einfölduð framkvæmdaflokkun og lagt til að framkvæmdaflokkum verði fækkað úr þremur í tvo og að framkvæmdir í flokki A verði ávallt háðar umhverfismati. Framkvæmdir í flokki B verði hins vegar eingöngu háðar umhverfismati sé talið líklegt að þær hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Framkvæmdaskilgreiningar og þröskuldsgildi framkvæmda sem falla í B-flokk hafa verið endurskoðaðar með tilliti til þess að framkvæmdir sem falla í flokk C skv. núgildandi lögum eru umfangslitlar og ólíklegt að hafi mikil umhverfisáhrif.

Framkvæmdaflokkarnir taka mið af flokkun í viðaukum við tilskipun 2011/92/ESB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/52/ESB (hér eftir tilskipunin). Samkvæmt tilskipuninni skulu framkvæmdaflokkar sem falla undir viðauka I undirgangast mat á umhverfisáhrifum en aðildarríki hafa val um hvort framkvæmdaflokkar sem eiga undir viðauka II skuli undirgangast slíkt mat, sem taki mið af tilviksbundnu mati eða þröskuldsgildum sem sett eru eða hvoru tveggja. Undir viðauka II heyra framkvæmdaflokkar sem snúa að landbúnaði, skógrækt og fiskeldi. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdaflokkun í frumvarpinu eins og hún liggur fyrir:

#### Flokkur 1.02 Svæði undir þaulnýttinn landbúnað

Í 1. viðauka, lið 1.02 er lagt til stærðarviðmið sem miði við 5 ha. Sama stærðarviðmið er í norsku reglugerðinni um umhverfismat um þennan framkvæmdaflokk. Miðað er við að framkvæmdir falli í flokk B taki framkvæmd til 5 ha eða stærra svæðis. Stærðarviðmið er ekki tiltekið í viðauka II með tilskipuninni sem þýðir að aðildarríki hafa val um útfærslu þröskuldsgilda, sbr. framangreint. Í núgildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum er ekki stærðarviðmið og skv. athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að tekið sé mið af norskri reglugerð um sama efni. Ekki liggur fyrir hvers vegna það viðmið er tekið upp. Um þetta vísast einnig til framangreindrar umfjöllunar um ákvarðanarétt sveitarstjórna, stefnu ríkisins um nýtingu og vernd landbúnaðar- og ræktarlands og markmiðs laganna um sjálfbæra þróun í sveitum landsins. Með framkvæmdum til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað hefur í för með sér breytta landnotkun eða landnýtingu utan þéttbýlis. Áherslur stjórnvalda með hliðsjón af fæðuöryggi beinast að aukinni akuryrkju og kornrækt. Erfitt getur reynst að ná þeim markmiðum sem þar eru sett og snúa að eflingu landbúnaðar með óþarflega íþyngjandi málsmeðferð og afskiptum hins opinbera. Endurskoða þarf þröskuldsgildi flokks 1.02 með hliðsjón af framansögðu.

### Flokkur 1.03 Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar

Tilskipunin kveður ekki á um tiltekin þröskuldsgildi. Í frumvarpinu er því breytt í 2ha, frá núgildandi lögum sem miða við 3ha, til samræmis við 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Endurheimt votlendis hefur ekki fallið undir lög um mat á umhverfisáhrifum en Skipulagsstofnun hefur talið, skv. leiðbeiningum stofnunarinnar um endurheimt votlendis, fullt tilefni til að sveitarstjórnnum sé tilkynnt um áformaða endurheimt votlendis og líklegum áhrifum, sem og væntum ávinningi, í loftslagsmálum. Bændasamtökin hafa bent Skipulagsstofnun á að skýra þurfi málsmeðferð, tilkynningarskyldu og annað er varðar endurheimt votlendis. Slíkt sé mikilvægt til að draga úr hindrunum fyrir endurheimt votlendis þar sem að óvissa um málsmeðferð dregur úr vilja landeigenda til að ráðast í slíkar framkvæmdir.

### Flokkur 1.04 – Nýræktun skóga 50 ha >

Samsvarandi flokkur í tilskipuninni hefur ekki að geyma viðmið en lagt er til að miðað verði við 50 ha eða stærra svæði. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að reynslan sýni að 200 ha þröskuldsgildi skv. núgildandi lögum nái yfirleitt ekki til skógræktarverkefna hér á landi. Þá er miðað við 0,5 ha fyrir skógareyðingu og byggir það á tilvitnaðri skoskri reglugerð og vísað til þess að skógrækt geti haft áhrif á landslag. Frá núgildandi lögum eru einnig gerðar breytingar á framkvæmdaflokknum á þá leið að ekki er gerð krafa um að framkvæmdin breyti fyrri landnotkun og er flokkurinn því útvíkkaður að tvennu leyti. Tillögurnar eru rökstuddar með vísan til framkvæmdar í nágrannalöndum okkar, en vert er að benda á að jarðir hérlendis eru töluvert stærri en t.d. í Noregi og Skotlandi. Varasamt er að stuðla frekar að því að landslagsheildir séu brotnar upp í smærri einingar. Í umsögn Bændasamtaka Íslands sem send var inn í samráðsgátt 23. febrúar sl. var lagt til að viðmið í flokki 1.04 skyldi óhreyft frá gildandi lögum. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki sé talið rétt að víkja frá 50 ha viðmiði. Nýræktun skóga feli í sér breytta landnýtingu og geti haft í för með sér miklar breytingar á vistkerfi og landslagi. Skógrækt sé langtímaráðstöfun sem hafi almennt meiri áhrif á landslag. Enn er tilefni til þess að vísa til aðgerða stjórnvalda í loftlagsmálum þar sem stefnt er að kolefnishlutleysi landsins árið 2040 þar sem lagt er til að tekið verði á losun frá illa förnu landi og losun frá landi sem hefur verið ræst fram með kolefnisbindingu í gegnum landgræðslu og skógrækt. Ætla má að 50 ha mörk muni draga frekar úr ásókn í skógrækt þar sem að kostnaður sem umhverfismati fylgir hafi hugsanlega í för með sér fælingarmátt fyrir þá aðila sem hafa hugsað sér að ná fram kolefnisbindingu með skógrækt. Í ljósi mikilvægis þess að auka skógrækt til að ná markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutleysi er varað við þessum áformum. En mikilvægt er að frekar sé hvatt til skógræktar frekar en að dregið sé úr henni með auknum kostnaði. Bændasamtökin leggja mikla áherslu á að þröskuldsgildi fyrir flokk 1.04 verði endurskoðuð.

#### **IV. Niðurlag**

Frumvarpið er að mörgu leyti jákvætt hvað varðar sameiningu laganna í einn lagabálk, einföldun málsmeðferðar og nútímavæðingu. Bændasamtökin telja hins vegar að endurskoða þurfi viðmið framkvæmdaflokka sem snúa að landbúnaði með markmið laganna og stefnu hins opinbera í jarða- og landbúnaðarmálum fyrir augum. Þá eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímisdóttir